

Því úrskurðast:

Réttarkröfum skiptaráðanda í dánarbúi Guðmundar J. Magnússonar er hrundið.

Skiptaráðandi í dánarbúi Guðmundar J. Magnússonar greiði f. h. búsinns gerðarbeiðanda, Hreiðari Svavarssyni, kr. 25.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður að því er viðkemur dánarbúi Margeirs J. Magnússonar.

Þriðjudaginn 14. desember 1976.

Nr. 79/1975. **Vilborg Guðmundsdóttir**
 (Þorsteinn Júlíusson hrl.)
 gegn
Haraldi Jónassyni
Sigríði Haraldsdóttur og
Brunabótafélagi Íslands g/t
 (Benedikt Blöndal hrl.)
 og
Guðrún Jósepsdóttir og
 (Þorsteinn Júlíusson hrl.)
Hagtrygging h/f
 (Hjörtur Torfason hrl.)
 gegn
Haraldi Jónssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómaraþeir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,
 Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1975, að fengnu afrýjunarleyfi 27. maí 1975. Dómkröfur þeirra eru þessar:

Afrýjandinn Vilborg krefst þess, að hún verði sýknuð af

kröfum stefnda Haralds í aðalsök í héraði. Í gagnsök í héraði krefst hún þess, að allir stefndu verði dæmdir til að greiða henni óskipt 70.960 krónur með 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hún krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Haralds eins í aðalsök í héraði, en úr hendi allra stefndu í gagnsök í héraði.

Áfrýjandinn Guðrún krefst sýknu af öllum kröfum stefnda Haralds í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Hagtrygging h/f krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda Haralds í málinu svo og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst þessi áfrýjandi þess, að fjárhæð sú, sem héraðsdómur dæmdi honum að greiða stefnda Harald, verði lækkuð, en málskostnaður milli þeirra verði þá látinn falla niður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi allra áfrýjenda.

Ökumenn bifreiðanna A 3315 og A 4106 sveigðu þeim í gáska í átt hvorri að annarri, þegar þær mættust, fyrst öku maður A 4106, en síðan öku maður A 3315. Ingimar Kr. Skjölddal lögreglumaður, sem rannsakaði vettvang, hefur dregið þá ályktun af hjólförum eftir A 4106, að bifreiðin hafi hlotið að fara að einhverju leyti yfir markaða miðlínu Tryggvabrautar. Bifreiðin A 3315 fór hins vegar að öllu leyti yfir á vinstri vegarhelming sinn, og þar varð áreksturinn. Akusturslag ökumanna beggja bifreiðanna var svo fráleitt, að ekki er rétt að telja annan þeirra eiga meiri sök á árekstrinum heldur en hinn. Ekki verður fallist á það með áfrýjandanum Hagtryggingu h/f, að dæma beri honum sýknu af kröfum stefnda Haralds á grundvelli ákvæða 13. kap. mannhelgisbálks Jónsbókar, heldur fer um ábyrgð á tjóninu eftir ákvæðum 68. gr., 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Samkvæmt framansögðu verður í máli þessu helmingur tjónsins lagður á áfrýjendur, en helmingur á stefndu.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandinn Vilborg lýst yfir því, að hún uni mati héraðsdóms um, að tjón hennar hafi numið 104.935 krónum. Frá þeirri fjárhæð dregur hún 33.975 krónur, sem stefndi Brunabótafélag Íslands g/t hefur greitt henni. Kemur þá út fjárhæð dómkröfu hennar fyrir Hæstarétti. Er sú fjárhæð ekki tölulega vefengd af stefndu, og vaxtakrafa sætir ekki andmælum.

Áfrýjendur fallast á, að tjón stefnda Haralds sé rétt metið kr. 120.547.50, svo sem gert er í héraðsdómi, og vaxtakröfunni er ekki andmælt.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að í aðalsök í héraði verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda Haraldi óskipt 60.274 krónur með vöxtum, svo sem krafist er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000 krónur.

Í gagnsök í héraði ber stefndu að greiða áfrýjandanum Vilborgu óskipt 18.492 krónur ($52.467 \div 33.975$ krónur) með vöxtum, eins og krafist er.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í gagnsök í héraði á að vera óraskað, en stefndu greiði áfrýjandanum Vilborgu óskipt 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Vilborg Guðmundsdóttir, Guðrún Jósepsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði stefnda Haraldi Jónssyni óskipt 60.274 krónur með 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000 krónur.

Stefndu, Haraldur Jónsson, Sigríður Haraldsdóttir og Brunabótafélag Íslands g/t, greiði áfrýjanda Vilborgu Guðmundsdóttur óskipt 18.492 krónur með 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim

degi til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í gagnsök í héraði á að vera óraskað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. desember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. desember sl., hefur Haraldur Jónsson verkamaður, Kotárgerði 4, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 15. nóvember 1973, á hendur Jósep Þorsteinssyni bifvélavirkjameistara, Vanabyggð 8 E, Akureyri, persónulega og f. h. ólögráða dóttur sinnar Guðrúnar og Hagtryggingu h/f, Reykjavík, in solidum til greiðslu skuldar.

Með gagnstefnu, útgefinni 2. janúar 1974, höfðaði aðalstefndi, Jósep Þorsteinsson, gansök á hendur aðalstefnanda, Haraldi Jónssyni, persónulega og f. h. ólögráða dóttur sinnar Sigríðar og Brunabótafélagi Íslands, Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum.

Samkvæmt yfirlýsingu lögmanns aðalstefnda, Jóseps Þorsteinssonar, lést hann hinn 23. júní sl., og hefur ekkja hans, Vilborg Guðmundsdóttir, Tjarnarlundi 1 A, Akureyri, fengið leyfi til setu í óskiptu búi og tekið við málarekstri þessum að öllu leyti í hans stað.

Þá eru bæði aðalstefnda Guðrún og gagnstefnda Sigríður nú orðnar lögráða og kröfum nú beint að þeim sjálfum.

Kröfur í aðalsök.

Aðalstefnandi krefst þess, að aðalstefndu verði in solidum dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 130.355.50 með 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Aðalstefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Kröfur í gagnsök.

Gagnstefnandi krefst þess, að gagnstefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða honum kr. 113.934.50 með 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum

kr. 33.975, sem gagnstefndi Brunabótafélag Íslands hefur greitt inn á kröfuna.

Gagnstefndu krefjast sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir bæði í aðalsök og gagnsök eru þeir, að hinn 14. apríl 1973 varð árekstur milli bifreiðanna A 3315, eign aðalstefnda Jóseps, og A 4106, eign aðalstefnanda Haralds, á Tryggvabraut á Akureyri nokkru vestan við hús nr. 22. Dóttir aðalstefnda, Guðrún, ók bifreiðinni A 3315, en dóttir aðalstefnanda, Sigríður, ók A 4106. Varð áreksturinn með þeim hætti, að bifreiðinni A 4106 var ekið vestur Tryggvabraut, en A 3315 austur sömu götu. Þegar bifreiðarnar náguðust hvor aðra, sveigðu báðir ökumenn til vinstri með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðanna á norðurhluta götunnar, og höfnuðu bifreiðarnar að mestu norður af götunni. Skemmdir á bifreiðunum urðu allmiklar, en slys á fólki smávægileg.

Gata sú, sem hér um ræðir, er bein, hallalaus og malbikuð, 14 metra breið og skipt í tvær akreinar með máluðu striki í miðju. Samkvæmt lögregluskýrslu voru akstursskilyrði góð, hjart og þurrt.

Lögreglumenn fóru á árekstursstað og gerðu uppdrátt af vettvangi, sem fram hefur verið lagður í málinu. Á uppdrettinum eru sýnd tvenn hjólför á norðurhluta götunnar nálægt miðlinu, sem talin eru eftir bifreiðarnar.

Í skýrslu Ingimars Kr. Skjöldals lögreglumanns, sem fór á vettvang, og sem samin er samdægurs, segir: „ . . . hafði áreksturinn orðið eftir förum að dæma á norðurhluta götunnar, en síðan höfðu báðar bifreiðarnar kastast norður fyrir götuna. Stjórnandi A 4106 kvaðst hafa ekið vestur Tryggvabraut og séð A 3315 koma á móti, hafi hraði sinn verið tæplega 40 km. Hún segist þekkja stjórnanda A 3315 og hafi hún gert sér að leik að sveigja sinni bifreið í átt til A 3315 og hafi stjórnandi hennar gert slíkt hið sama. Er bifreiðarnar náguðust hvor aðra, segist hún hafa sveigt sinni bifreið til hægri, en það hafi stjórnanda hinnar bifreiðarinnar ekki tekist og hafi bifreiðarnar skolið saman af talsverðu afli og síðan kastast norður fyrir götuna. Stjórnandi A 3315 kvaðst hafa ekið austur Tryggvabraut á ca 40—50 km hraða. Hún segist hafa sveigt bifreið sinni til vinstri, eins og stjórnandi A 4106, hins vegar hafi sér ekki tekist að sveigja nægilega fljótt aftur til hægri og hafi hægra framhorn bifreiðar sinnar lent framan á A 4106, vinstra megin, síðan hafi bifreiðin snúist og hafi þá afturhorn

bifreiðanna rekist saman. Bifreiðin hafi svo stöðvast öll fyrir norðan steyptan götukantinn“.

Daginn eftir mætti ökumaður A 3315, stefnda Guðrún, hjá lög-reglu, og staðfesti hún framangreinda skýrslu með undirritun sinni, og hinn 16. apríl s. á. staðfesti ökumaður A 4106, gagnstefnda Sigríður, einnig skýrslu þessa með undirritun sinni með þeirri athugasemd, að ökumaður A 3315 hefði ekki reynt að sveigja til hægri, eins og gefið sé í skyn í frásögn hennar. Þá staðfestu báðar stúlkurnar uppdrátt lögreglumannsins sem réttan.

Vitnið Inga Lára Bachmann var farþegi í bifreiðinni A 3315. Hún gaf skýrslu hjá lögreglu þann 17. apríl 1973. Kvaðst hún giska á, að ökuhraðinn hefði verið um 40 km miðað við klst., er þær óku austur Tryggvabraut og bifreiðin A 4106 kom á móti. Ofurlitlu áður en bifreiðarnar mættust, hafi ökumaður A 4106 sveigt til vinstri, og taldi vitnið, að sú bifreið hefði að hálfu leyti farið yfir miðlínu götunnar. Guðrún, ökumaður A 3315, hefði þá gert slíkt hið sama og sveigt til vinstri í átt að A 4106 og síðan hafi litlum togum skipt, að bifreiðarnar rákust saman. Kvaðst vitnið telja, að Guðrún, ökumaður A 3315, hefði ætlað að reyna að forðast árekstur með því að aka norðan við A 4106, er hún óttaðist árekstur við hana, en þá hafi ökumaður A 4106 fært sína bifreið til hægri og áreksturinn orðið á þeim helmingi götunnar.

Vitnið Áslaug Axelsdóttir, sambýliskona aðalstefnanda og móðir gagnstefndu Sigríðar, var farþegi í bifreiðinni A 4106, og gaf hún skýrslu hjá lögreglu þann 24. apríl 1973.

Staðfesti hún, að skýrsla ökumanns A 4106 væri rétt. Sagði vitnið, að ekki hefði annað verið hægt að sjá en að ökumaður A 3315 hefði misst vald á bifreið sinni, nokkru áður en bifreiðarnar mættust. Vitnið giskaði á, að ökuhraði A 3315 hefði verið 50—60 km. Þá tók vitnið fram, að hún teldi öruggt, að ökumaður A 4106 hefði ekki farið suður fyrir miðlínu götunnar.

Ingimar Skjöldal lögreglumaður hefur til viðbótar áður nefndri skýrslu gefið svofellda lögregluskýrslu um atburðinn:

„Undirritaður gerði athugun á vettvangi og varð ekki annarra greinilegra ummerkja var á staðnum en þegar eru á vettvangs-uppdrætti, er ég gerði. Þó skal það tekið fram, að álit mitt er af stefnu hjólfara, er talin voru eftir bifreiðina A 4106, að ljóst sé, að hún hafi hlotið að fara suður fyrir miðlínu, er þarna skiptir Tryggvabraut að endilöngu.

Strax eftir að ég hafði gert vettvangsrannsókn, spurði ég stjórnendur ökutækjanna um aðdraganda óhappsins. Skýrðu þær

mér svo frá, að áreksturinn væri fyrst og fremst að kenna „fflaga-gangi“, eins og þær tóku til orða. Þá sögðu þær, sem fram er komið í fyrri skýrslu minni, að þær hefðu gert sér að leik að sveigja í veg hvor fyrir aðra, og skildi ég það þannig, að hvor bifreið fyrir sig hefði sveigt inn á öfugan vegarhelming, enda tæplega hægt að segja, að bifreiðarnar sveigi í veg fyrir hvor aðra, ef svo hefði ekki verið“.

Yfirheyrslur fyrir dóminum fóru fram 2. desember sl., og staðfestu framangreindir aðiljar og vitni þá skýrslur sínar.

Vitnið Ingimar Skjöldal kveðst ekki muna, hvenær hann samdi viðbótarskýrslu þá, sem að framan er rakin, en telur, að það hafi verið viku til hálfum mánuði eftir áreksturinn.

Þá segir vitnið, að ökumenn bifreiðanna muni hafa viðhaft orðalagið að sveigja bifreiðum sínum í átt til hvor annarrar, en ekki í veg fyrir hvor aðra, eins og segir í viðbótarskýrslu þessari, heldur hafi síðara orðalagið verið sinn skilningur á frásögn þeirra. Vitnið ítrekar, að ekki hafi verið glögg ummerki á götunni eftir áreksturinn, sem af mætti ráða, hvar áreksturinn varð eða hvernig afstaða bifreiðanna var, þegar áreksturinn varð.

Gagnstefnda Sigríður skýrir svo frá fyrir dóminum, að hún hafi í greint sinn ekið A 4106 vestur Tryggvabraut á hægri kanti götunnar. Kveðst hún þá hafa séð bifreiðina A 3315 koma á móti sér. Hafi hún þá sveigt til vinstri að miðlínu götunnar, en síðan hafi hún þegar beygt aftur til hægri að hægri brún götunnar. Hún kveðst ekki hafa farið yfir miðlínu götunnar. Þegar hún hafi verið komin að hægri brún götunnar, hafi A 3315 sveigt í áttina til sín yfir á norðurhluta götunnar og ökumaður virst missa vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að árekstur varð nyrst á götunni. Hún kveðst hafa verið í beinni stefnu eftir götunni við hægri brún, þegar áreksturinn varð. Ekki kveðst hún geta gert sér grein fyrir fjarlægðinni á milli bifreiðanna, þegar hún sveigði að miðlínu, en þó nokkur vegalengd hafi þó verið á milli bifreiðanna.

Stefnda Guðrún skýrir svo frá fyrir dóminum, að hún hafi ekið A 3315 austur Tryggvabraut nálægt miðlínu götunnar, þegar hún sá A 4106 koma á móti sér. Segir hún, að A 4106 hafi sveigt yfir miðlínuna yfir á sinn götuhelming og hafi sér virst árekstur vera yfirvofandi. Til að forðast árekstur hafi hún sveigt til norðurs, en þá hafi A 4106 einnig beygt til norðurs og árekstur orðið. Nánar skýrir hún svo frá, að fyrst hafi hún sveigt til vinstri, þegar hún sá ökumann A 4106 gera það, síðan hafi hún ætlað að

beygja aftur til hægri, en sér hafi þá virst það mundu leiða til áreksturs og því beygt aftur til vinstri. Hún kveðst ekki geta gefið á því skýringu, hvers vegna hún beygði upphaflega til vinstri. Hún segir, að sér hafi ekki fundist langt á milli bifreiðanna, þegar A 4106 sveigði til suðurs.

Vitnið Inga Lára kveðst ekki geta sagt um, hver fjarlægðin hafi verið á milli bifreiðanna, þegar A 4106 sveigði yfir miðlínu, en sér hafi ekki fundist langt á milli þeirra.

Vitnið Áslaug Axelsdóttir segir, að sér hafi virst alllangt bíl á milli bifreiðanna, þegar A 4106 sveigði til suðurs. Vitnið kveðst telja öruggt, að A 4106 hafi aldrei farið yfir miðlínu götunnar. Þá segir vitnið, að A 4106 hafi verið á beinni stefnu við hægri brún götunnar, þegar áreksturinn varð.

Páll Þorkelsson lögreglumaður fór á vettvang ásamt Ingimar Skjöldal, og skýrir hann svo frá fyrir dómnum, að hann muni ekki, hvort ummerki á árekstursstað hafi bent til þess, hvar á götunni áreksturinn varð eða hver afstaða og akstursleið hafi verið. Vitnið segir, að báðar stúlkurnar hafi viðurkennt að hafa sveigt hvor að annarri og að sig minni, að Sigríður hafi gefið í skyn, að ökumaður A 3315 hafi misst vald á bifreið sinni, en sjálf hafi hún verið búin að rétta sína bifreið af. Segir vitnið, að Guðrún hafi ekki neitað frásögn Sigríðar um aðdraganda árekstursins.

Aðalsök.

Kröfu sína í aðalsök rökstyður aðalstefnandi þannig, að ökukona A 3315, aðalstefnda Guðrún, beri alla sök á árekstrinum og fébótaábyrgð samkvæmt umferðarlögum, þar sem hún hafi farið yfir miðlínu vegar. Tryggvabraut sé merkt með hvítri línu langs-um til aðgreiningar vegarhelmingum. Ástæða þess, að A 3315 hafi farið yfir miðlínu vegar, hafi verið sú, að ökukona missti allt vald á bifreiðinni. Beri hún því ein alla sök og því fébótaábyrgð með Hagtryggingu h/f, sem beri fébótaábyrgð samkvæmt 2. mgr. 72. gr. umferðarlaga. Einnig beri skráður eigandi bifreiðarinnar fébótaábyrgð.

Sýknukröfu sína í aðalsök rökstyðja aðalstefndu Vilborg og Guðrún með því, að telja verði, að ökumaður A 4106 eigi alla sök á árekstrinum. Hún hafi gert sér að leik að sveigja bifreið sinni í átt til A 3315 og með þeirri háttsemi hafi hún gróflega brotið reglur umferðarlaga og megi í því sambandi benda á 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Upphafið á því, hvernig til tókst, eigi ökumaður A 4106 og sé það eina finnanlega skýringin á árekstr-

inum. Ljóst sé, að bifreiðarnar hefðu auðveldlega getað mæst á veginum, ef allt hefði verið með felldu, og hverfandi líkur til þess, að árekstur hefði orðið, ef ökumaður A 4106 hefði ekki sveigt fyrir A 3315. Þá sé ljóst af gögnum málsins, að bifreiðin A 4106 hafi farið suður yfir miðlínu götunnar. Ekki skipti máli, hvar áreksturinn varð. Ökumaður A 3315 hafi ekki átt annan kost en beygja yfir á nyrðri akrein. Það, sem skipti máli, sé aðdragandinn að árekstrinum.

Þá sé ljóst, að ökumaður A 3315 hafi ekki átt þess kost að afstýra árekstri. Bifreiðinni A 4106 hafi skyndilega verið sveigt beint í veg fyrir A 3315 og ökukona A 3315 þá gripið til þess ráðs að sveigja til vinstri, en þá hafi bifreiðinni A 4106 verið sveigt aftur í veg fyrir hana. Þetta hafi allt gerst á örfáum sekúndum og tími til umhugsunar því verið naumur. Verði því að telja, að ökukona A 3315 eigi enga sök á árekstrinum.

Aðalstefndi Hagtrygging byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að aðalstefnandi hafi með því að stofna til leiks firrt sig öllum rétti til fébóta, og vísar hann í því sambandi til 68. gr. umferðarlaga og 13. kap. mannhelgisbálks Jónsbókar. Með því að áreksturinn verði rakinn til leiks ökumanna eða fíflangangs, eigi hvor aðilja um sig að bera sitt tjón og komi ekki til, að hér hafi verið um að ræða atburð, sem geti verið bótaskyldur út úr hinni lögboðnu ábyrgðartryggingu bifreiða.

Til vara rökstyður aðalstefndi Hagtrygging á sama hátt og aðalstefndu Vilborg og Guðrún.

Telja verður sannað, að ökukonur beggja bifreiðanna hafi af leikaraskap beygt bifreiðunum, a. m. k. í átt til hvor annarrar, en þær óku hvor á móti annarri á Tryggvabraut í greint sinn. Þessi gáleysislegi akstursmáti leiddi til áreksturs þess, er mál þetta varðar. Eiga ökukonur beggja bifreiðanna því sök á árekstrinum. Samkvæmt 68. gr., sbr. 73. gr. umferðarlaga ber að meta sök beggja ökumanna og skipta tjóninu á milli ökutækjanna í samræmi við það mat. Samkvæmt framansögðu verða sýknukröfur aðalstefndu ekki teknar til greina.

Eins og að framan er rakið, var upphafið að árekstrinum leikaraskapur beggja ökukvennanna, en með hliðsjón af því, að áreksturinn varð á norðurhluta götunnar (akstursleið A 4106), en ósannað er, að bifreiðinni A 4106 hafi verið ekið yfir miðlínu götunnar (yfir á akstursleið A 3315), þykir sök hæfilega skipt þannig, að ökukona A 3315 beri $\frac{2}{3}$, en ökukona A 4106 $\frac{1}{3}$ hluta sakar.

Ber samkvæmt framansögðu að dæma aðalstefndu til að greiða aðalstefnanda $\frac{2}{3}$ hluta tjóns hans.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr. 112.330.50
2. Bætur fyrir afnotamissi í 30 daga, kr. 500.00 per dag	— 15.000.00
3. Matskostnaður	— 3.025.00

Samtals kr. 130.355.50

Um lið 1.

Kröfu samkvæmt lið þessum hefur verið mótmælt sem órökstuddri að svo miklu leyti sem reikningar bera ekki með sér, að þeir eigi við bifreiðina A 4106. Aðalstefnandi hefur lagt fram reikninga samtals að fjárhæð kr. 112.330.50. Þar af eru tveir reikningar að fjárhæð kr. 1.783.00, sem samkvæmt áritun eiga við bifreiðina A 2579. Að öðru leyti þykir krafa samkvæmt þessum lið nægjanlega rökstudd og verður tekin til greina með kr. 110.547.50.

Um lið 2.

Kröfu samkvæmt lið þessum er mótmælt sem of hárrí, þar sem ekki sé upplýst, hversu langan tíma tók að gera við bifreiðina.

Aðalstefnandi rökstyður kröfulið þennan á þann hátt, að hann hafi látið dómkvadda menn meta viðgerðarkostnaðinn og fram komi í matsgerð, að 125 klst fari í viðgerðina og sé það nær mánaðarvinna.

Eftir atvikum þykja bætur samkvæmt lið þessum hæfilegar kr. 10.000.00.

Um lið 3.

Rétt er, að krafa samkvæmt lið þessum komi til álita við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða í aðalsök er samkvæmt framanskráðu sú, að dæma ber aðalstefndu in solidum til þess að greiða aðalstefnanda $\frac{2}{3}$ hluta af kr. 110.547.50 + 10.000.00, eða kr. 80.365.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 31.000.

Gagnsök.

Rök gagnstefnanda fyrir kröfum sínum í gagnsök eru öll hin sömu og í aðalsök.

Gagnstefndu rökstyðja sýknukröfur sínar á sama hátt og kröfur aðalstefnanda í aðalsök, að því viðbættu, að gagnstefndi Brunabótafélag Íslands krefst sýknu á þeim forsendum, að hvor aðilja um sig eigi að bera sitt tjón sjálfur, með sömu rökum og áður er lýst í aðalsök að því er varðar aðalstefnda Hagtryggingu h/f. Þá er því loks haldið fram, að gagnstefnandi hafi þegar fengið greiddan þann hluta tjóns síns, sem honum beri, og leiði það til sýknu.

Með vísan til þess, sem áður er rakið í aðalsök, ber gagnstefndu að bæta gagnstefnanda tjón hans að $\frac{1}{3}$ hluta.

Gagnstefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Viðgerðarkostnaður samkvæmt reikningum . kr.	89.934.50
2. Tjón vegna afnotamissis, 30 dagar, kr.	800.00
pr. dag	— 24.000.00
	Samtals kr. 113.934.50

Um lið 1.

Gagnstefnandi hefur lagt fram reikninga til rökstuðnings lið þessum, og hafa þeir ekki sætt andmælum. Ber því að taka hann til greina að fullu.

Um lið 2.

Gagnstefndu hafa mótmælt lið þessum sem of háum að því er varðar tjón pr. dag. Þykir hæfilegt að taka lið þennan til greina með kr. 15.000.00.

Samkvæmt framanskráðu er bótaskyld tjón gagnstefnanda $\frac{1}{3}$ hluti af kr. 89.934.50 + 15.000.00, eða kr. 34.978.00. Hinn 29. apríl 1973 greiddi gagnstefndi Brunabótafélag Íslands gagnstefnanda kr. 33.935.00 upp í tjón hans.

Mismunur er því kr. 1.003.00, og ber að dæma gagnstefndu til að greiða gagnstefnanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Vilborg Guðmundsdóttir, Guðrún Jósepsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði aðalstefnanda Haraldi Jónssyni in solidum kr. 80.365.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 31.000 í málskostnað í aðalsök.

Gagnstefndu, Haraldur Jónsson, Sigríður Haraldsdóttir og Brunabótafélag Íslands, greiði gagnstefnanda Vilborgu Guðmundsdóttur in solidum kr. 1.003.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður falli niður í gagnsök.

Dómurinn er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Föstudaginn 17. desember 1976.

Nr. 123/1975. **Agnar Angantýsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h.
Vestmannaeyjakaupstaðar
(Jón Hjaltason hrl.).

Dómenndur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,
Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilbjálmsson.

Vinnusamningur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 22. september 1975. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 39.580 krónur með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af 18.070 krónum frá 1. desember 1971 til 1. mars 1972, af 29.078 krónum frá þeim degi til 1. júní 1972